

**Ed.**

**292. Frumvarp til laga**

[182. mál]

um breyting á lögum nr. 84 19. ágúst 1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

**1. gr.**

Úr 1. mgr. 38. gr. laganna falli brott 4. málslíður, sem er svo hljóðandi: „Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.“

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt til samræmis við frumvarp til laga um breyting á lyf-sölulögunum, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, og vísast til athugasemda með því frumvarpi.